

FÉLAGSMIÐSTÖÐIN SIGYN



MAT Á FRÍSTUNDASTARFI



Október 2016

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Ritun skýrslu:

Sigrún Harpa Magnúsdóttir, ritstjóri

Valgerður Erna Þorvaldsdóttir

| | |
|-------------------------------------|-----------|
| Inngangur | 4 |
| Félagsmiðstöðin Sigyn | 4 |
| Greining | 5 |
| Niðurstöður – yfirlit: | 6 |
| Stjórnun | 7 |
| Frístundastarf | 8 |
| Mannauður | 9 |
| Staðarbragur | 10 |
| Innra mat | 11 |

INNGANGUR

Í skýrslu þessari er greint frá niðurstöðum ytra mats í Sigyn sem fór fram í október 2016. Matið var framkvæmt af starfsfólki skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og auk skýrsluhöfunda tóku Krístrún Lilja Daðadóttir deildarstjóri unglíngastarfs í Miðbergi og Þórhildur Rafns Jónsdóttir deildarstjóri unglíngastarfs í Kringlumýri þátt í matinu.

Meginstef ytra mats á frístundastarfi er það sama og á öðrum stofnunum skóla- og frístundasviðs, að matið sé leiðbeinandi, framfara- og umbótamiðað og stuðli að betra skóla- og frístundastarfi.

Leiðarljós matsins er það sama og sviðsins í heild; að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.

Til grundvallar matinu eru viðmið um gæði á fimm sviðum frístundastarfs:

- I. Stjórnun
- II. Frístundastarf
- III. Mannauður
- IV. Staðarbragur
- V. Innra mat

Með því að hafa skýr viðmið er leitast við að tryggja, að svo miklu leyti sem slíkt er unnt, að allar félagsmiðstöðvar fái sambærilegt ytra mat. Einnig er gert ráð fyrir að viðmiðin og önnur matsgögn nýtist frístundamiðstöðvum við innra mat. Matið byggir á niðurstöðum viðtala og rýnihópa starfsfólks og barna/unglinga, vettvangsathugunum og skriflegum gögnum frá félagsmiðstöðinni.

FÉLAGSMIÐSTÖÐIN SIGYN

Félagsmiðstöðin Sigyn er ein af fimm félagsmiðstöðvum í Grafarvogi sem er starfrækt af Frístundamiðstöðinni Gufunesbæ. Sigyn var vígð árið 1997 og þjónustar börn á aldrinum 10-16 ára.

Félagsmiðstöðin er starfrækt í Rimaskóla, Rósaríma 11, 112 Reykjavík. Þegar matið fór fram bauð Sigyn upp á frístundastarf alla virka daga vikunnar nema mánudaga fyrir unglíngi í 8.-10. bekk. Þriðjudaga og fimmtudaga var opið frá 19:00-22:00, miðvikudaga var opið frá 13:30-16:30 og annan hvern föstudag var opið frá 19:00-22:30. Opnunartími fyrir börn í 5.-7. bekk var á þriðjudögum og fimmtudögum frá kl. 16:00-18:00.

Á heimasíðu Sigyn kemur m.a. fram að markmið félagsmiðstöðva sé að leggja áherslu á að þjálfa samskiptafærni, auka félagsfærni, styrkja sjálfsmynd og efla samfélagslega virkni og þátttöku. Einnig kemur fram að barna- og unglíngalýðræði er hugmyndafræðin sem starfið byggir á og tryggir áhrif barna og unglíngi á starfið. Kosningar í unglíngaráð í Sigyn er í anda þessarar hugmyndafræði en mikilvægasta hlutverk ráðanna er að virkja sem flesta til þátttöku í starfinu ásamt því að standa fyrir og skipuleggja dagskrána.

Forstöðumaður Sigyn er Njörður Njarðarson og aðstoðarforstöðumaður Bjarki Þórðarson, sem er að leysa Tinnu Heimisdóttur af í fæðingarorlofi.

Styrkleikar:

Mjög jákvætt viðhorf er til stjórnenda og starfsfólks meðal barna, unglunga og foreldra. Starfshópurinn vinnur vel saman og starfsfólki líður vel í starfi. Það fær fræðslu um helstu verklagsreglur, áætlanir og öryggismál á nýliðafræðslu Gufunesbæjar og á hverju hausti er starfsáætlun, stefna og gildi kynnt fyrir starfsfólki. Samstarf við frístundamiðstöðina í Gufunesbæ er gott og samstarf við aðrar félagsmiðstöðvar í hverfinu einnig. Forstöðumaður Sigyn fundar vikulega með sínu starfsfólki og starfsmenn taka virkan þátt í umræðum og ákvörðunum um starfið. Samstarf stjórnenda og starfsmanna einkennist af trausti og virðingu og starfsandinn er góður.

Til fyrirmyndar eru lýðræðisleg vinnubrögð með börnum og unglingum við mótun á starfinu þar sem þau fá tækifæri til að koma hugmyndum sínum í framkvæmd og bera ábyrgð. Upplifun barna/unglinga af starfinu er mjög góð, starfið er vel kynnt fyrir þeim og þeim líður vel í Sigyn.

Starfsfólk reynir að hvetja börn og unglunga áfram og er jákvætt gagnvart því að aðstoða og ræða við þau í starfinu. Starfsmannahópurinn er fjölbreyttur og starfsmenn hafa mismunandi áhugamál og sérsvið. Þeir hafa mikinn metnað fyrir starfinu, eru meðvitaðir um hlutverk sitt sem fyrirmyndir og hafa trú á getu barna og unglunga. Gott upplýsingaflæðið er frá félagsmiðstöðinni og dagskrá hennar vel kynnt. Andrúmslofið er jákvætt og umburðarlyndi er ríkjandi.

Tækifæri:

Móta þarf skýrari aðgerðaráætlun/starfsáætlun fyrir félagsmiðstöðina út frá stefnu og starfsáætlun Gufunesbæjar. Skilgreina þarf hver helstu markmið og áherslupættir í starfseminni eru og kynna fyrir börnum, unglingum, foreldrum og öðrum hagsmunaaðilum. Gera þarf sérstaka rýmingaráætlun fyrir Sigyn, halda rýmingaræfingar reglulega, gera símenntunaráætlun þar sem fram koma áherslur starfsstaðarins og vinna þarf eftir móttökuáætlun SFS vegna barna með íslensku sem annað tungumál. Tækifæri eru að vinna markvisst út frá forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar og gera Barnasáttmálann sýnilegan á starfsstaðnum í samræmi við áherslur Gufunesbæjar. Innleiða ætti jafnréttisáætlun í Sigyn og innleiða þarf innra mat með formlegum hætti með þátttöku allra hagsmunaaðila.

Virkja ætti heimasíðu Sigyn betur og uppfæra ýmsar úreltar upplýsingar. Til bóta væri að hafa upplýsingar um starfið aðgengilegar á erlendum tungumálum og setja mætti inn ítarlegri upplýsingar um starfsmenn, t.d. menntun, áhugamál og sérhæfingu.

Æskilegt væri að efla klúbbastarf, samstarf við aðrar félagsmiðstöðvar í hverfinu og/eða taka þátt í þróunarverkefnum. Huga þarf að því að dagskrá sé við hæfi stúlkna sem drengja og skoða mætti að hafa fleiri opnanir til að koma en betur til móts við börn og unglunga í hverfinu.

Leita ætti leiða til að efla foreldrasamstarf og aðkallandi er að gera aðstöðu félagsmiðstöðvarinnar notalegri og heimilislegri.

NIÐURSTÖÐUR – YFIRLIT:

| Stjórnun | Frístundastarf | Mannauður | Staðarbragur |
|-------------------------------|-----------------------------------|------------------------|------------------------|
| Forstöðumaðurinn sem leiðtogi | Skipulag starfs og starfsaðstæður | Fagmennska starfsfólks | Viðmót og menning |
| Stjórnun stofnunar | Uppeldi og menntun | Starfsánægja | Velferð og líðan barna |
| Verklagsreglur og áætlanir | Starfshættir og viðfangsefni | | Foreldrasamstarf |
| Faglegt samstarf | Virk þátttaka og lýðræði | | |
| Þróun og nýbreytni | Mannréttindi og margbreytileiki | | |

Myndin sýnir meðaltalsútkomu í hverjum undirkafla skýrslunnar þar sem dökkgrænt sýnir mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf, ljósgrænt gott verklag flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi, gult þýðir að einhverjir mikilvægir þættir þarfnast úrbóta og rautt að verklag er óviðunandi og uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum. Ljósblátt þýðir að ekki var hægt að meta kaflann.

Það sem vel er gert:

- Stjórnendur eiga góð samskipti við börn, unglinga, starfsfólk og foreldra.
- Starfsmenn fá kynningu á starfsáætlun Gufunesbæjar, stefnu og gildum á sameiginlegum fræðslufundi að hausti. M.a. er farið yfir starfsmannastefnu og siðareglur Reykjavíkurborgar.
- Nýtt starfsfólk fær fræðslu um helstu verklagsreglur, áætlanir og öryggismál á nýliðafræðslu Gufunesbæjar að hausti.
- Starfsfólk fær kynningu á tilkynningaskyldu til Barnaverndar.
- Forstöðumaður fundar vikulega með starfsfólki og starfsmenn taka virkan þátt í umræðum og ákvörðunum um starfið.
- Samstarf við frístundamiðstöðina í Gufunesbæ er gott og gott samstarf er við aðrar félagsmiðstöðvar í hverfinu.
- Upplýsingagjöf til starfsfólks, barna, unglinga og foreldra er góð.
- Jöfn kynjahlutföll eru í starfsmannahópnunum og góð aldursdreifing.
- Við ráðningar er leitast eftir að fá inn starfsfólk með fjölbreytt áhugamál og styrkleika.
- Starfsfólk finnur fyrir trausti stjórnenda og hefur umboð til athafna.
- Samstarf stjórnenda og starfsmanna einkennist af trausti og virðingu og starfsandinn er góður.
- Starfsþróunarsamtöl eru regluleg.
- Forstöðumaður situr nemendaráðsfundi og hefur tengingu við eineltisteymi Rimaskóla.
- Til fyrirmyndar eru lýðræðisleg vinnubrögð með börnum/unglingum við mótun á dagskrá.
- Sigyn tekur þátt í formlegu hverfasamstarfi, s.s. góðgerðaviku Grafarvogs, Grafarvogsleikunum og viðburðum á sumardaginn fyrsta.

Tækifæri til umbóta:

- Móta þarf skýrari aðgerðaráætlun/starfsáætlun fyrir félagsmiðstöðina með aðkomu hagsmunaaðila, út frá stefnu og starfsáætlun Gufunesbæjar og birta opinberlega, s.s. á heimasíðu.
- Skilgreina þarf hver helstu markmið og áherslupættir í starfseminni eru og kynna fyrir börnum, unglungum, foreldrum og öðrum hagsmunaaðilum.
- Gagnlegt væri að starfsmenn ígrundi enn markvissar eftir hverja vakt.
- Birta móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn á heimasíðu.
- Gera þarf sérstaka rýmingaráætlun fyrir Sigyn og halda rýmingaræfingar reglulega.
- Gera ætti formlega símenntunráætlun fyrir 2016-2017 þar sem fram koma áherslur starfsstaðarins.
- Vinna þarf eftir móttökuáætlun SFS vegna barna með íslensku sem annað tungumál. Sjá: http://innri.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-350/774_view-2143/
- Leita leiða til að koma á reglulegum fundum forstöðumanns með skólastjórnendum.
- Nýta ætti fjölbreyttar leiðir til að meta hvað mætti bæta í starfinu, t.d. rýna í mætingarlista og leita leiða til að koma til móts við þá hópa sem lítið mæta í félagsmiðstöðina.
- Æskilegt væri að þróa starfið enn frekar, t.d. í samstarfi við aðrar félagsmiðstöðvar í hverfinu, taka þátt í þróunarverkefnum og efla klúbbastarf.

Það sem vel er gert:

- Starfsfólk er meðvitað um hlutverk sitt sem fyrirmyndir og tekur virkan og leiðbeinandi þátt í umræðum um málefni sem hæst ber í hópnum hverju sinni.
- Í félagsmiðstöðinni er velferð og hagur barna og unglunga hafður að leiðarljósi í starfinu.
- Jákvæð samskipti og umburðarlyndi voru áberandi í starfinu.
- Fyrirkomulag dagskrárgerðar og virkrar aðkomu allra áhugasamra unglunga að dagskrárgerðinni er til eftirbreytni.
- Vel er tekið á móti börnum og unglingum þegar þau koma í félagsmiðstöðina.
- Starfsfólk hefur trú á unglingunum og börnum og reynir að hvetja þau áfram.
- Starfsfólk er jákvætt gagnvart því að aðstoða og ræða við börn og unglunga í starfinu.
- Ýmis fræðsla er í boði fyrir börn og unglunga í Sigyn.
- Vel var haldið utan um vinnu við Skrekk af starfsmanni Sigyn.
- Góð aðstoða er í félagsmiðstöðinni til að hreyfa sig, í rými Sigyn, íþróttasal og útisvæði.
- Börnum og unglingum finnst þau hafa tækifæri til að hafa raunveruleg áhrif á starfið.
- Börn og unglingar fá stuðning við að koma hugmyndum sínum í framkvæmd og læra að bera ábyrgð á verkefnum.
- Samfélagsvitund og gagnrýnin hugsun barna og unglunga í Sigyn er m.a. eflid með þátttöku í góðgerðarviku í hverfinu, Grafarvogseginum og sumardegnum fyrsta.
- Gott samstarf er við félagsmiðstöðina Höllina.
- Opnunartími er nokkuð rúmur fyrir börn og unglunga og ætti að geta komið til móts við ólíkar þarfir.

Tækifæri til umbóta:

- Virkja ætti heimasíðu og uppfæra ýmsar úreltar upplýsingar.
- Huga þarf að betra aðgengi fyrir fatlaða við anddyri félagsmiðstöðvarinnar.
- Tækifæri eru í að rýna vel í mætingalista og nýta til að efla starfið.
- Leita má leiða til að nýta lýðræðisvinnu með börnum og unglingum í aðgerðaráætlunar/starfsáætlunarvinnu.
- Leita má leiða til að auka vitund barna og unglunga um sjálfbærni og virðingu fyrir umhverfi og náttúru.
- Tækifæri eru að vinna markvisst út frá forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar og starfsáætlun Gufunesbæjar
- Tækifæri eru að gera Barnasáttmálann sýnilegan á starfsstaðnum í samræmi við áherslur Gufunesbæjar.
- Innleiða ætti jafnréttisáætlun í Sigyn.
- Huga þarf að því að dagskrá sé við hæfi stúlkna sem drengja.
- Vinna mætti markvissar með fjölmenningu og margbreytileika þannig að það endurspeglar bæði í aðgerðaáætlun/starfsáætlun og starfi.
- Sóknarfæri liggja í auknu klúbba- og hópastarfi í félagsmiðstöðinni.
- Hópastarf og kosning nemendafélags fer heldur seint af stað í Sigyn og tækifæri að bæta úr því.
- Til bóta væri að hafa upplýsingar um starfið aðgengilegar á erlendum tungumálum á heimasíðu Sigyn.
- Skoða mætti að hafa fleiri opnanir til að koma en betur til móts við börn og unglunga í hverfinu.

Það sem vel er gert:

- Starfsmannahópurinn er fjölbreyttur og starfsmenn hafa mismunandi áhugamál og sérsvið.
- Starfsfólk nýtir þekkingu sína og hæfileika í starfi.
- Starfsfólk hefur mikinn metnað fyrir starfinu, er meðvitað um hlutverk sitt sem fyrirmyndir og hefur trú á getu barna og unglunga.
- Starfsfólk er stolt af starfinu og hefur trú á gæðum þess.
- Starfsfólk fær hrós frá yfirmönnum og hvert öðru.
- Starfsfólki finnst þægilegt að leita til forstöðumanns með hugmyndir og fær stuðning til að framkvæma þær.
- Starfsandinn í Sigyn er mjög góður og samskipti í starfsmannahópnum jákvæð og vinsamleg.
- Gott samstarf er við starfsfólk annarra félagsmiðstöðva í hverfinu.
- Jafnræði er á vinnustaðnum og jöfn kynjahlutföll í starfsmannahópnum.
- Starfsfólk er ánægt með vinnuaðstöðuna.
- Starfsfólk fær starfslýsingu þegar það er ráðið til starfa.

Tækifæri til umbóta:

- Vinna þarf ítarlegri starfsáætlun en „míní-starfsáætlun“ sem endurspeglar stefnu og áherslur Gufunesbæjar og gera sýnilega í starfi.
- Æskilegt væri að vinna markvisst með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í starfinu.
- Setja mætti setja inn ítarlegri upplýsingar á heimasíðu um starfsmenn, t.d. menntun, áhugamál og sérhæfingu.
- Leita ætti leiða til að gera aðstöðu félagsmiðstöðvarinnar vistlegri og hvetja börn og unglunga til að sýna ábyrgð og ganga vel um eigin félagsmiðstöðvarinnar.
- Móta leiðir til að meta hvort verið sé að ná markmiðum starfsins, s.s. með enn markvissari ígrundun starfsfólks við lok hverrar vaktar.

Það sem vel er gert:

- Samskipti í félagsmiðstöðinni eru jákvæð og einkennist af umburðarlyndi og skilningi.
- Starfsfólk ber ábyrgð á ákveðnum verkefnum og hefur svigrúm til þess að nýta styrkleika sína.
- Virðing er borin fyrir fjölbreytileika og ólíkum bakgrunni einstaklinga.
- Starfsfólk hefur trú á getu og hæfni barna og unglunga og hvetur þau til að takast á við áskoranir.
- Ánægja, sanngirni og traust einkennir samvinnu starfsmannahópsins.
- Börnunum og unglungum líður almennt mjög vel í félagsmiðstöðinni og þau eru ánægð þar.
- Starfsfólk er meðvitað um hlutverk sitt sem fyrirmyndir og börn og unglingar segja þau góðar fyrirmyndir.
- Börn og unglingar eiga greiðan aðgang að starfsmönnum og finnst gott að leita til þeirra.
- Gott upplýsingaflæði er frá félagsmiðstöðinni og dagskrá hennar vel kynnt.

Tækifæri til umbóta:

- Kynna mætti gildi frístundamiðstöðvarinnar enn betur fyrir starfsfólki og móta áherslur fyrir Sigyn út frá þeim.
- Mikilvægt er að starfsmenn kveðji börnin og unglingana þegar þau fara.
- Leita leiða til að gera félagsmiðstöðina notalegri með aðstoð barna og unglunga.
- Til bóta væri að skrá reglur sem börn/unglingar eiga að fara eftir og hafa þær sýnilegar.
- Virkja mætti börn/unglinga til þátttöku við að móta og skrá reglur.
- Leita leiða til að efla foreldrasamstarf.

INNRA MAT

Engar athugasemdir eru gerðar við þennan matsþátt og hvorki dregið fram það sem vel er gert né það sem betur má fara þar sem innra mat hefur ekki ennþá verið innleitt með formlegum hætti í félagsmiðstöðina.